

IS Græn skuldabréf

Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni

Upplýsingarnar hér að neðan eru veittar í samræmi við 10.gr. í reglugerð ESB 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (hér eftir „SFDR“).

a) Samantekt

Sjóðurinn IS Græn skuldabréf (hér eftir „Sjóðurinn“) fjárfestir í þeim tilgangi að efla, meðal annars, umhverfislega eða félagslega þætti, eða samsetningu þessara þátta, að því tilskildu að útgefendur verðbréfa sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum. Fjárfestingar Sjóðsins skulu að lágmarki vera 80% í eignum sem efla framangreinda þætti. Sjóðurinn hefur ekki sjálfbæra fjárfestingu að markmiði en mun þó að lágmarki fjárfesta 50% af eignum í sjálfbærum fjárfestingum. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í íslenskum ríkisskuldabréfum, sem ekki eru skráð á markaði fyrir sjálfbærar fjárfestingar, og í reiðufé til lausafjárstyringar. Öll undirliggjandi verðbréf eru metin með tilliti til meginreglunnar um að „valda ekki verulegu tjóni“ (e. *Do No Significant Harm*, hér eftir „DNSH ferlið“).

Sjálfbærar fjárfestingar Sjóðsins eru gerðar í þeim tilgangi að fjármagna átaksverkefni sem eru fjármögnuð með útgáfu grænna-, félagslegra-, sjálfbærra- og/eða sjálfbærnitengdra skuldabréfa sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi. Skilyrði fyrir skráningu slíkra skuldabréfa fela í sér að útgefendur fylgi viðeigandi meginreglum International Capital Markets Association (ICMA) eða samræmdum ramma og verða útgefendur að ráðstafa fjármagni til verkefna eða eigna sem skila umhverfisávinningi eða félagslegfræðilegum árangri. Markmið verkefnanna geta falið í sér ýmis umhverfismarkmið, þar á meðal mótvægi við loftslagsbreytingum, aðlögun að loftslagsbreytingum, endurnýjanleg orka og umhverfisvænar byggingar. Skuldabréfið, eða rammi skuldabréfsins, verður einnig að vera staðfestur af reyndum þriðja aðila og útgefendur skuldabréfanna skuldbinda sig til að birta áhrifaskýrslu gagnvart skuldabréfunum og verkefnum sem þau fjármagna.

Skuldabréf sem eru gefin út samkvæmt ICMA eða sambærilegum ramma teljast sjálfbær og valda ekki verulegum skaða ef fylgni þeirra samkvæmt viðkomandi staðli hefur verið staðfest af viðurkenndum ytri aðila og samþykkt innbyrðis af sjálfbærni ráði Íslandssjóða. Að auki fylgist Sjóðurinn með PAI vísum sem mæla neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti¹ til að meta að útgefendur skaði ekki verulega önnur félagsleg eða umhverfisleg markmið sem hluti af DNSH ferli. Að auki mælir Sjóðurinn neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti með vísum (e. Principal Adverse Impact, hér eftir „PAI vísar“) til að meta að útgefendur skaði ekki verulega önnur félagsleg eða umhverfisleg markmið. Eftirfarandi PAI vísar eru mældir enn sem komið er:

- PAI 1. Losun gróðurhúsalofttegunda.
- PAI 3. Styrkur gróðurhúsalofttegunda hjá félögum sem fjárfest er í.
- PAI 10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact) og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (e. OECD Guidelines).
- PAI 13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar.
- PAI 14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum).

Sem hluti af fjárfestingarferlinu eru útgefendur, sem fjárfest er í, skimaðir til að tryggja að þeir fylgi góðum stjórnarháttum, einkum að því er varðar traust stjórnunarfyrikomulag, samskipti við starfsmenn, launakjör

¹ Samkvæmt SFDR eru „sjálfbærniþætti“ skilgreindir sem umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum.

starfsmanna og að skattareglum sé fylgt. Íslandssjóðir beita útilokun gagnvart fyrirtækjum sem brjóta skipulega og alvarlega gegn alþjóðalögum og mannréttindum, verða uppvis að alvarlegum umhverfisspjöllum, spillingu og efnahagsbrotum sem og framleiðslu/sölu á umdeildum vopnum.

Lágmarkshlutfall fjárfestinga í Sjóðnum sem falla að flokkunarkerfi ESB samkvæmt svokallaðri flokkunarreglugerð ESB 2020/852 (e. EU Taxonomy) er 0%. Upplýsingar um útgefendur með tilliti til flokkunarkerfis ESB eru takmarkaðar. Því meta Íslandssjóðir, að svo stöddu, að ekki sé unnt að veita áreiðanlegar upplýsingar um hversu hátt hlutfall fjárfestinga Sjóðsins falla að flokkunarkerfinu en ekki er hægt að útiloka, vegna eðli verkefnanna sem skuldabréfin fjármagna, að hlutfall fjárfestinga Sjóðsins uppfylli tæknileg viðmið flokkunarkerfisins, þ.e. að þær falli að flokkunarkerfinu.

Íslandssjóðir halda utan um lykilvísa sem fengnir eru út frá áhrifaskýrslum útgefenda til að vakta umhverfislega og félagslega þætti. Til að mæla hvort þeir umhverfis- eða félagslegir þættir sem Sjóðurinn eflir séu uppfylltir munu Íslandssjóðir nota eftirfarandi mælikvarða:

• % af heildarfjárfestingum Sjóðsins sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi.

Gögnum er fyrst og fremst safnað frá ytri gagnalindum ásamt gögnum frá útgefendunum sjálfum og Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi. Til að tryggja gæði gagna munu Íslandssjóðir notast að fremsta megni við opinber gögn ásamt því að velja gagnalindir sem teljast leiðandi, hverju sinni, er varðar greiningu og vinnslu á UFS² og sjálfbærniupplýsingum. Gögnin veita upplýsingar m.a. um PAI vísa, sjálfbærniáhættu, stjórnarhætti fyrirtækja, dómsmál, fjölmiðlaumfjöllun og fleira. Helstu takmarkanirnar eru skortur á gögnum og gæði gagna. Í einhverjum tilvikum gæti einnig misræmis í gögnum milli gagnalinda þar sem þær fylgja mismunandi aðferðafræði en í þeim tilvikum þarf að áætla gögn þar sem það er hægt.

Íslandssjóðir búa yfir innra verklagi til að tryggja áreiðanleika við val á og viðvarandi eftirliti með fjárfestingum Sjóðsins til að tryggja að fjárfestingarákvarðanir, sem teknar eru fyrir hönd Sjóðsins, séu framkvæmdar í samræmi við fjárfestingarstefnu, fjárfestingarmarkmið og áhættutakmarkanir Sjóðsins.

Þar sem Sjóðurinn beitir sér ekki á þátttökustigi heldur beitir virkum fjárfestingum með jákvæðri skimun á skuldabréfum sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi þá er ekki til staðar sérstök þátttökustefna.

Engin vísitala hefur verið tilgreind sem tilvísunarviðmiðun til að uppfylla umhverfislega eða félagslega þætti sem Sjóðurinn eflir.

b) Engin markmið um sjálfbæra fjárfestingu

Þessi fjármálaafurð eflir umhverfislega eða félagslega þætti en hefur sjálfbæra fjárfestingu ekki að markmiði.

Að minnsta kosti 80% af fjárfestingum Sjóðsins skulu vera í eignum sem efla framangreinda þætti. Sjóðurinn hefur ekki sjálfbæra fjárfestingu að markmiði en mun þó hafa lágmarkshlutfall sem nemur 50% í sjálfbærum fjárfestingum. Aðrar eignir fela í sér fjárfestingu í ríkisskuldabréfum íslenska ríkisins og reiðufé til lausafjárstýringar. Öll undirliggjandi verðbréf eru metin með tilliti til skaðlegra áhrifa sem hluti af DNSH-ferli.

Sjálfbærar fjárfestingar Sjóðsins eru gerðar í þeim tilgangi að fjármagna átaksverkefni sem eru fjármögnuð með útgáfu grænna-, félagslegra-, sjálfbærna- og/eða sjálfbærnitengdra skuldabréfa sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi. Skilyrði fyrir skráningu slíkra skuldabréfa fela í sér að útgefendur fylgi viðeigandi meginreglum ICMA eða öðrum samræmdum ramma og verða útgefendur að ráðstafa fjármagni til verkefna eða eigna sem skila umhverfisávinningi eða félagslegfræðilegum árangri. Markmið verkefnanna geta falið í sér ýmis umhverfismarkmið, þar á meðal mótvægi við loftslagsbreytingum, aðlögun að loftslagsbreytingum, endurnýjanleg orka og umhverfisvænar byggingar. Skuldabréfið, eða rami skuldabréfsins, verður einnig að vera staðfestur af reyndum þriðja aðila og útgefendur skuldabréfanna skuldbinda sig til að birta áhrifaskýrslu um framgang hins fjármagnaða verkefnis eða eignar.

Skuldabréf sem eru gefin út samkvæmt ICMA eða sambærilegum ramma teljast sjálfbær og valda ekki verulegum skaða ef fylgni þeirra samkvæmt viðkomandi staðli hefur verið staðfest af viðurkenndum ytri aðila og samþykkt innbyrðis af sjálfbærni ráði Íslandssjóða.

² UFS stendur fyrir umhverfisþætti, félagsþætti og stjórnarhætti.

Sjóðurinn tekur tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti samkvæmt völdum PAI vísnum sem taldir eru upp í töflu 1, í viðauka 1, í reglugerð (ESB) 2022/1288 til að meta að útgefendur skaði ekki verulega önnur félagsleg eða umhverfisleg markmið sem hluti af DNSH ferli. Að svo stöddu eru gögn aðallega tiltæk fyrir notkun vísanna sem taldir eru upp hér að neðan. Eftir því sem gæði og framboð gagna þróast verður stefnt að því að taka tillit til viðbótarvísa.

- PAI 1. Losun gróðurhúsalofttegunda.
- PAI 3. Styrkur gróðurhúsalofttegunda hjá félögum sem fjárfest er í.
- PAI 10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.
- PAI 13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar.
- PAI 14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum).

Sjóðurinn metur útgefendur verðbréfa með tilliti til meginreglna Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki. Þetta er hluti af DNSH ferli við skimun á fjárfestingum þar sem stuðst er við gögn og rannsóknir frá utanaðkomandi gagnaveitu.

Í einstaka tilfellum þar sem frammistaða útgefanda með tilliti til PAI vísa er talin ófullnægjandi getur fjárfesting í skuldabréfi, þar sem ágóðinn fjármagnar verkefni sem efla umhverfislega og félagslega þætti, samt sem áður samræmst fjárfestingarstefnu Sjóðsins að því gefnu að útgefandi hafi ekki brotið gegn PAI vísnum 10 og 14.

c) Umhverfislegir eða félagslegir þættir fjármálaafurðar

Sjóðurinn eflir umhverfislega og/eða félagslega þætti með virkri fjárfestingu í skuldabréfum sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi. Skuldabréfin geta verið flokkuð sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærni tengd og fjármagna verkefni sem hafa það að markmiði að hafa umhverfislegan ávinning og/eða jákvæð félagshagfræðilega áhrif.

Markmið verkefnanna geta falið í sér ýmis umhverfismarkmið, þar á meðal mótvægi við loftslagsbreytingum, aðlögun að loftslagsbreytingum, endurnýjanleg orka og umhverfisvænar byggingar.

d) Fjárfestingaráætlun

Sjóðurinn fylgir fjárfestingarstefnu sem kveður á um að 80% af fjárfestingum Sjóðsins skuli vera í skuldabréfum sem eru skráð á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi og eru flokkuð sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærni tengd. Skuldabréfin skulu fjármagna verkefni sem hafa það að markmiði að hafa umhverfislegan ávinning og/eða jákvæðan félagshagfræðilegan árangur og þannig eflir Sjóðurinn umhverfislega og félagslega þætti.

Sjóðurinn fylgir stefnu Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar og tekið er tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar. Sem hluti af fjárfestingarferlinu eru útgefendur, sem fjárfest er í, skimaðir af Íslandssjóðum til að tryggja að þeir fylgi góðum stjórnarháttum, einkum að því er varðar traust stjórnunarfyrikomulag, samskipti við starfsmenn, launakjör starfsmanna og að skattareglum sé fylgt. Íslandssjóðir beita útilokun gagnvart fyrirtækjum sem brjóta skipulega og alvarlega gegn alþjóðalögum og mannréttindum, verða uppvís að alvarlegum umhverfisspjöllum, spillingu og efnahagsbrotum sem og framleiðslu/sölu á umdeildum vopnum.

e) Hlutfall fjárfestinga

Fjárfestingar Sjóðsins fela í sér beina áhættuskuldbindingu í þeim einingum sem fjárfest er í, þ.e. Sjóðurinn fjárfestir beint í þeim skuldabréfum sem falla undir fjárfestingarstefnu hans. Að minnsta kosti 80% af eignum Sjóðsins eru til þess fallnar að efla umhverfislega og félagslega þætti. Þar á meðal er um 50% í sjálfbærum fjárfestingum, en aðrar eignir fela í sér ríkisskuldbréf og reiðufé vegna lausafjárstýringar.

Samkvæmt SFDR skal greina frá því fyrir hvern sjóð hversu mikið af fjárfestingum sjóðsins eru skilgreindar sem fjárfestingar með umhverfismarkmið sem fellur að flokkunarkerfi ESB. Lágmarkshlutfall fjárfestinga Sjóðsins sem falla að flokkunarkerfi ESB er 0%. Upplýsingar um útgefendur með tilliti til flokkunarkerfis ESB eru takmarkaðar. Því meta Íslandssjóðir, að svo stöddu, að ekki sé unnt að veita áreiðanlegar upplýsingar um hversu hátt hlutfall fjárfestinga Sjóðsins falla að flokkunarkerfinu og er hlutfallið því 0%. Ekki er hægt að útiloka, vegna eðli verkefnanna sem skuldabréfin fjármagna, að hlutfall fjárfestinga Sjóðsins uppfylli tæknileg viðmið flokkunarkerfisins, þ.e. að þær falli að flokkunarkerfinu.

f) Vöktun umhverfislegra eða félagslegra þátta

Skuldabréf sem eru gefin út samkvæmt ICMA eða sambærilegum ramma (merkt skuldabréf) teljast sjálfbær og valda ekki verulegum skaða ef fylgni þeirra samkvæmt viðkomandi staðli hefur verið staðfest af viðurkenndum ytri aðila og samþykkt af sjálfbærniráði Íslandssjóða. Íslandssjóðir skima fjárfestingar Sjóðsins reglulega til að tryggja að minnsta kosti 80% eignanna séu í samræmi við þá umhverfislegu eða félagslegu þætti sem fjármálaafurðin eflir, þ.e. að skuldabréfin séu flokkuð sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærni tengd og skráð á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi, þar með talið lágmarkshlutfall sem nemur 50% í sjálfbærum fjárfestingum.

Sjóðurinn fylgist einnig með eftirfarandi PAI vísum til að tryggja að útgefendur skaði ekki verulega önnur félagsleg eða umhverfisleg markmið (hluti af DNSH-ferli).

- PAI 1. Losun gróðurhúsalofttegunda.
- PAI 3. Styrkur gróðurhúsalofttegunda hjá félögum sem fjárfest er í.
- PAI 10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.
- PAI 13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar.
- PAI 14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum).

Íslandssjóðir halda einnig utan um lykilvísa sem fengir eru út frá áhrifaskýrslum útgefenda til að vakta umhverfislega og félagslega þætti. Dæmi um lykilvísa:

- Forðuð losun (tCO₂-ígildi)
- Bundið kolefni (tCO₂-ígildi)
- Framleidd orka (GWst)
- Fjöldi hleðslustöðva (#)
- Fjöldi umhverfisvænna bíla (#)

g) Aðferðafræði fyrir umhverfislega og félagslega þætti

Til að skuldabréf séu gjaldgeng fyrir skráningu sem „sjálfbær skuldabréf“ hjá Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi verður að ráðstafa fjármagni til verkefna eða eigna sem skila umhverfisávinningi eða félagslegum árangri. Skuldabréfið, eða rammi skuldabréfsins, verður að vera staðfestur af viðurkenndum ytri aðila og útgefendur skuldbinda sig til að birta áhrifaskýrslu vegna fjármögnunarinnar sem aflað er með skuldabréfunum.

Íslandssjóðir skima fjárfestingar Sjóðsins reglulega til að tryggja að minnsta kosti 80% eignanna séu í samræmi við þá umhverfislegu eða félagslegu þætti sem hann eflir, þar með talið lágmarkshlutfall sem nemur 50% í sjálfbærum fjárfestingum.

Til að mæla hvort þeir umhverfis- eða félagslegir þættir sem Sjóðurinn eflir séu uppfylltir munu Íslandssjóðir nota eftirfarandi mælikvarða:

- % af heildarfjárfestingum Sjóðsins sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi.

Einnig fylgist Sjóðurinn með PAI vísam (tilgreindir í lið f) til að tryggja að útgefendur skaði ekki verulega önnur félagsleg eða umhverfisleg markmið (DNSH-ferli).

h) Gagnalindir og vinnsla

Gagnalindir sem hægt er að nota hérlandis til að mæla þá umhverfislegu og félagslegu þætti sem Sjóðurinn eflir eru takmarkaðar að svo stöddu en Íslandssjóðir hafa framkvæmt samanburð á innlendum gagnalindum og byggt val sitt á þeim samanburði. Gögnum er fyrst og fremst safnað frá ytri gagnalindum, þ.á.m. Sustainalytics, Reitun og Veru (sjálfbærnilausn Creditinfo). Einnig er stuðst við gögn frá útgefendum sjálfum og Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi. Til að tryggja gæði gagna munu Íslandssjóðir notast að fremsta megni við opinber gögn ásamt því að velja gagnalindir sem teljast leiðandi, hverju sinni, er varðar greiningu og vinnslu á UFS og sjálfbærniupplýsingum. Gögnum er safnað sem hluti af greiningarferlinu og þau skjöluð, en þau veita upplýsingar um m.a. PAI vísa, sjálfbærniáhættu, stjórnarhætti fyrirtækja, dómsmál, fjölmiðlaumfjöllun og fleira. Þar sem margir útgefendur eru ekki byrjaðir að birta upplýsingar í fullu samræmi við SFDR, Taxonomy og tilskipun Evrópusambandsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni (e. Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD)) eru gögn áætluð í einhverjum tilvikum. Hlutfall áætlaðra gagna liggur ekki fyrir að svo stöddu.

- i) Takmarkanir aðferðafræði og gögnum** á Helstu takmarkanirnar eru skortur á gögnum og gæði gagna. Það á helst við gagnasöfnun fyrir suma PAI vísa þar sem margir útgefendur eru ekki byrjaðir að birta þessar upplýsingar.
- Í einhverjum tilvikum gæti einnig misræmis í gögnum milli gagnalinda þar sem þær fylgja mismunandi aðferðafræði en í þeim tilvikum þarf að áætla gögn þar sem það er hægt. Einnig eru gögn sem koma beint frá útgefendum ekki í öllum tilvikum staðfest eða endurskoðuð af þriðja aðila heldur byggð á mati útgefendanna sjálfra.
- Aðgengi að áreiðanlegum sjálfbærni gögnum er ein stærsta áskorunin í sjálfbærum fjárfestingum, en kröfur um betri sjálfbærni gögn aukast stöðugt meðal annars með nýju regluverki ESB á sviði upplýsingagjafar um sjálfbærni.
- j) Áreiðanleikakönnun** Íslandssjóðir búa yfir innra verklagi til að tryggja áreiðanleika við val á og viðvarandi eftirliti með fjárfestingum Sjóðsins til að tryggja að fjárfestingarákvarðanir, sem teknar eru fyrir hönd Sjóðsins, séu framkvæmdar í samræmi við fjárfestingarstefnu, fjárfestingarmarkmið og áhættutakmarkanir Sjóðsins.
- Sjóðsstjórar Sjóðsins fjárfesta að lágmarki 80% af eignum Sjóðsins í skuldabréfum sem flokkuð eru sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærni tengd og eru skráð með þeim hætti á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi samkvæmt fjárfestingaráætlun Sjóðsins. Áhættustýring Íslandssjóða framkvæmir reglulega skimun á undirliggjandi eignum Sjóðsins til að tryggja að minnsta kosti 80% eignanna sé í samræmi við þá þætti sem Sjóðurinn eflir, þar með talið lágmarkshlutfall sem nemur 50% í sjálfbærum fjárfestingum.
- Sundurliðun á undirliggjandi eignum Sjóðsins er reglulega skilað inn í skýrsluskilum til eftirlitsaðila.
- k) Þáttökustefnur** Ekki er til staðar sérstök þáttökustefna, sem er hluti af umhverfislegri eða félagslegri fjárfestingaráætlun Sjóðsins, þar sem Sjóðurinn beitir sér ekki á þáttökustigi heldur beitir virkum fjárfestingum með jákvæðri skimun á skuldabréfum sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi.
- l) Tilgreind tilvísunarviðmiðun** Engin vísitala hefur verið tilgreind sem tilvísunarviðmiðun til að uppfylla umhverfislega eða félagslega þætti sem Sjóðurinn eflir.

Síðast uppfært 2. desember 2024